



Upphaflega hönnuðu Dóra og Heiða borðin fyrir teiknistofu sína eittA.

Einföld, stílhrein og tímalaus

Dóra Hansen og Heiða Elín Jóhannsdóttir innanhússarkitektar hafa hannað húsgagnalínuna Fjölnot. Við hönnunina huguðu þær að samspili forma, efna, notagildis og endingar.

„Við teiknuðum þessi borð upphaflega fyrir teiknistofuna okkar. Fólk hefur spurt okkur töluvert út í þau og svo hringdu þeir í Sóló húsgögnum í okkur í vetur og spurðu hvort við ættum eitthvað sem þeir gætu notað. Þá datt okkur í hug að vinna meira með þessi borð,“ segir Heiða Elín Jóhannsdóttir innanhússarkitekt sem hefur ásamt Dóru Hansen samstarfskonu sinni á eittA innanhússarkitektum þróað og hannað húsgagnalínuna Fjölnot.

„Okkur langaði til að hanna hluti sem gætu elst með manni, og gætu átt mismunandi líf eftir æviskeiði eigandans,“ útskýrir Heiða. Þannig gæti eitt borð verið skrifborð, fundarborð, eldhúsbord og barnaborð.

Í húsgagnalínunni Fjölnot eru fjórar stærðir af borðum sem eru öll á hjólum. Einnig bekkir í sömu lengd og borðin og kollar. Við borðin má nota flestar gerðir stóla eða

bekki og kolla úr Fjölnot-línunni. Bekkina og kollana má líka nýta staka hvar sem er innandyra, í forstofu, eldhúsi, í baðherbergi eða jafnvel sem lítil borð. Þá geta húsgögnin bæði hentað á stofnunum eins og skólum, skrifstofum og á heimilum.

Heiða og Dóra hafa einnig leikið sér að því að þróa húsgögnin og hafa þannig búið til gatamynstur í eina gerð af kollum. „Þannig getur fólk sett sinn eigin svip á kollinn með því að sauma í götin,“ segir Heiða.

Húsgögnin verða til sölu í Sóló-húsgögnum Gylfaflöt 16-18 en jafnvel er líklegt að þau fari í sölu víðar. Heiða er innt eftir því hvort framhald verði á þróuninni. „Það gæti vel verið. Húsgögnin bjóða alveg upp á það. Línan er einföld og hægt að vinna með hana eins og við erum byrjaðar á með kollana.“

solveig@frettbladi.is



Sumir kollarnir eru með götum sem má sauma í mynstur.



Einnig eru bekkir í línunni Fjölnot.

VINSÆLA MERKIÐ
ZEITLOS BY

LUANA

FÆST NÚ HJÁ OKKUR

hjá Crafnhildi

Sími 581 2141 • www.hjahnildi.is

Hönnun Dananna Anne Heinsvig og Christian Uldall sem hanna saman undir merkinu Helgo fæst nú í Epal en kertastjakar og snagar frá þeim hafa slegið í gegn og verið til umfjöllunar í hönnunartímaritum.



www.helgo.dk



FATASKÁPAR

NÝIR TÍMAR - FERSK FORM
FRÍFORM
ÞEGAR ÞIG VANTAR INNRETTINGU

kitchn
HREINT OG KLÁRT

BETRA BAÐ

ÞVOTTAHÚS



20%

Mán. - föst. kl. 9-18
Laugard. kl. 11-15

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

FISKILÓÐ 75, 101 REYKJAVÍK

OUTLET

SKÓR

Herra
Verð
7.900 kr.
St. 41-48

Dömu
Verð
7.500 kr.
St. 36-41

Dömu
Verð
2.500 kr.
St. 36-41

Stelpu
Verð
5.900 kr.
St. 27-35

Stráka
Verð
5.900 kr.
St. 19-26

OPIÐ: MÁN-FÖS 13-18 & LAU 12-16